



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 26. febrúar 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu), þskj. 39, 39. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu). MRSÍ styður frumvarpið en í greinargerð með frumvarpinu segir að með því að fella úr gildi sérstaka uppbót til framfærslu og færa hámarksfjárhæð hennar inn í ákvæði um tekjutryggingu sé stuðlað að minni skerðingu fyrir lífeyrisþega þar sem sérstaka uppbótin skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð skerðist um 100% vegna allra tekna sem lífeyrisþegi kunni að fá. Slík skerðing hefur í daglegu tali verið nefnd „krónu á móti krónu“ skerðing. Í greinargerðinni segir og að með afnámi þessarar uppbótar myndist aukinn hvati til atvinnuþátttöku þeirra sem þessi uppbót eigi við um í dag.

Í þessu sambandi minnir MRSÍ á Alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland hefur fullgilt. Í ákvæðum samningsins felst réttur allra til að lifa með mannlegri reisn. Það þýðir meðal annars að einstaklingar eigi rétt á að lifa sjálfstæðu lífi, geti aflað sér nægilegs matar, heppilegs húskjól, fatnaðar og viðeigandi heilsugæslu með opinberum bótum, ef um lífeyrisþega er að ræða, félagslegri aðstoð og **fyrir eigin atbeina**. Allir eiga líka að eiga þess kost, miðað við getu, að stunda vinnu eða afla sér tekna með öðrum hætti. Jafnframt felst í þessum rétti að einstaklingar haldi áfram þátttöku í þjóðfélaginu, t.d. með þátttöku í námskeiðum, menningarviðburðum, trúarlegum samkomum og öðru félagslífi sem býðst í þjóðfélaginu. Það skerðingarfyriřrkomulag sem nú er, króna á móti krónu, er að mati MRSÍ, ekki til þess fallið að tryggja þau réttindi er að framan greinir.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE